

Nd.

547. Frumvarp til laga

[271. mál]

um breytingu á lögum nr. 77 23. des. 1980, um vörugjald.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinnsson, Eggert Haukdal, Jóhann Einvarðsson.

1. gr.

Í 1. gr. laganna hluta A hljóði málsliður um tollskrárnúmer 18.06.09. svo: 18.06.09. Aðrar vörur sem teljast til nr. 18.06., ót. a., þó ekki súkkulaðis og ís húðaður með súkkulaði og sjúkrafæði, þ. e. tilbúin næringarefnablanda handa sjúklingum sem fá ekki nægilega næringu á venjulegan hátt.

2. gr.

Í 1. gr. laganna hluta B komi í 1. málslið 15% í stað 30%.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frumvarps er tvíþættur. Annars vegar að aflétta 7% vörugjaldi af sjúkrafæði, hins vegar að lækka vörugjald af gosdrykkjum og öðrum vörum, sem falla undir B-hluta 1. gr., úr 30% í 15%.

Sjúkrafæði.

Sjúkrafæði er tilbúin næringarefnablanda handa sjúklingum sem ekki fá næga næringu á venjulegan hátt, gefin fljótandi annaðhvort í gegnum slöngu eða sem drykkur og þá bragðbætt á ýmsa vegu.

Á sjúkrafæði, sem innflutt er, falla margvísleg gjöld í ríkissjóð. Á sjúkrafæði með súkkulaðibragði er 3% jöfnunargjald, 24% vörugjald, 40% vörugjald og svo 7% vörugjald vegna laganna frá 23. des. s. l.

Tilgangur þessa frumvarps er að létta 7% gjaldinu af, en breytingar þarf á öðrum lögum til þess að aflétta hinum gjöldunum. Sjálfsgagt væri reyndar að Alþingi breytti þeim lögum einnig, því óeðlilegt er að sjúkrafæði sé tekjustofn ríkissjóðs og vandræði þeirra, sem ekki geta melt venjulegan mat, notuð til tekjuöflunar.

Ekki ætti að þurfa langa röksemdafærslu fyrir þessu máli.

Vörugjald á gosdrykki og öl.

Ljóst er að álagning 30% vörugjalds á öl og gosdrykki nú um áramótin hefur valdið miklum erfiðleikum í fyrirtækjum, sem framleiða þessa vöru. Hjá Vífilfelli h/f var 50—60 manns sagt upp störfum, en uppsagnir voru dregnar til baka tímabundið vegna loforða fjármálaráðherra um lækkun gjaldsins. Ölgerðin Egill Skalla-grímsson hf. á einnig við verulega erfiðleika að etja vegna vörugjaldsins.

Samdráttur í sölu öls og gosdrykkja er mikill frá áramótum og mikill miðað við sölu undanfarinna ára.

Eftir álagningu 30% vörugjaldsins nú um áramótin er hlutur ríkisins af framleiðsluverði hværrar flösku 52.74% eða góður helmingur andvirðis. Framleiðandi fær síðan tæpan helming andvirðis fyrir að sjá um framleiðsluna, leggja til hráefni, vélar og tæki til framleiðslu og húsakost, greiða laun, orkukostnað o. s. frv.

Hér er augljóslega of langt gengið í skattheimtu.

Samdráttur hefur og orðið svo mikill í sölu þessara drykkja, að ríkið mun engan veginn ná áætluðum tekjum af þessum skattstofni. Þvert á móti má leiða sterk rök að því, að lækkun gjaldsins leiði til söluaukningar, þannig að tekjur ríkisins minnki ekki við lækkun. Rennir það stóðum undir kenningar um að of há skattprósenta minnki skatttekjur ríkisins og lækkun skattprósentu geti aukið tekjur ríkisins, ef hún er orðin of há. (Sjá fylgiskjal I.)

Verði vörugjald þetta ekki lækkað, má saka ríkissjóð um það, að margt fólk, sem að framleiðslu öls og gosdrykkja vinnur, missir vinnu.

Vert er að geta þess, að lækkun vörugjaldsins veldur lækkun framfærsluvísitölu líklega um 0,1% og því nokkurri lækkun á launagreiðslum ríkisins.

Framleiðendur öls og gosdrykkja eru hjartsýnir á verulega söluaukningu í kjölfar lækkunar vörugjaldsins, sjá bréf Félags ísl. iðnrekenda, dags. 12.03. 1981, fylgiskjal II.

Náist samkomulag við EFTA og EBE um 2% hækkun jöfnunargjaldsins væri síðan eðlilegast að fella vörugjaldið frá 23. des. s. l. af sælgæti, öli og gosdrykkjum niður.

Fylgiskjal I.

H.F. ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON

Efni: Tekjur ríkissjóðs vegna lækkunar vörugjalds í 15%:

Gosdrykkir:

Forsenda: Sölu-samdráttur um 15% hverfi.

	30% vörugjald	15% vörugjald (sama sala og 1980)
Sala 1981 á verksmiðjuverði (janúarverð, 400 pr. ltr.)	Gkr. 5 950 millj.	Gkr. 7 000 millj.
Vörugjald	— 1 561 —	— 918 —
Sérst. tímab. vgj. (20.99%)	— 1 576 —	— 1 662 —
(Álagning kaupmanns)	— (2 590) —	— (2 730) —
Söluskattur	— 2 744 —	— 2 893 —
Alls opinber gjöld	Gkr. 5 881 millj.	Gkr. 5 473 millj.

Hluti ríkis af 300 millj. hærri launum 35% eða Gkr. 105 millj.
Hluti ríkis af meiri umsvifum og bættri útkomu verksmiðja
10% af 1050 millj. eða 105 millj.

Alls tekjur ríkissjóðs Gkr. 5 881 millj. Gkr. 5 683 millj.

Tekjulækkun 198 millj. kr.

ÖL:

Forsenda: Sölu-samdráttur um 20% hverfi.

	30% vörugjald	15% vörugjald (óbreytt sala frá 1980)
Sala 1981 á verksmiðjuverði		
í janúar	Gkr. 1 359 millj.	Gkr. 1 699 millj.
Vörugjald	— 357 —	— 223 —
Sérst. tímab. vörugj.	— 360 —	— 403 —
(Álagning kaupmanns)	— (592) —	— (663) —
Söluskattur	— 627 —	— 702 —
	<hr/>	
Alls opinber gjöld	Gkr. 1 344 millj.	Gkr. 1 328 millj.
Hluti ríkissjóðs í auknum launum og umsvifum		70 millj.
Alls tekjur ríkissjóðs	Gkr. 1 344 millj.	Gkr. 1 398 millj.

Tekjuaukning Gkr. 54 millj. við lækkun.

Aths.: Maltöl ætti að vera án vörugjalds vegna gamla fólksins.

Fylgiskjal II.

FÉLAG ÍSLENSKRA IÐNREKENDA

Hr. fjármálaráðherra
Ragnar Arnalds
Fjármálaráðuneytið
Arnarhvoli
101 REYKJAVÍK.

12. 03. 1981

Í tilefni af fregnum í fjölmiðlum um tímabundna lækkun vörugjalds af öli og gosdrykkjum var í dag fjallað um málið á fundi með öllum framleiðendum þessara vara. Þar var samþykkt eftirfarandi niðurstaða:

- A. 5% lækkun vörugjalds í mars og apríl er bráðabirgðaneyðarúrræði til að bjarga um sinn atvinnu hóps starfsfólks í verksmiðjunni Vífilfelli. Mun þessi ráðstöfun ekki hafa áhrif á verðlagningu eða sölu öls og gosdrykkja.
- B. Þess vegna er óleyst það vandamál, að álagning vörugjalds hefur mikil áhrif á sölu öls og gosdrykkja og þar með á afkomu verksmiðjanna og atvinnuöryggi starfsmanna þeirra. Brýn nauðsyn er því að vörugjaldið falli niður.

Til að leysa það mál eru framleiðendur sammála um að leggja til eftirfarandi:

- 1) Vörugjaldið verði lækkað nú þegar úr 30% í 15%. Verð á öli og gosdrykkjum verði lækkað samsvarandi og sú verðlækkun auglýst af kappi. Framleiðendur gera ráð fyrir verulegri söluaukningu í kjölfar slíkrar auglýsingaherferðar og þannig verði komið í veg fyrir tekjurýrnun ríkissjóðs.
- 2) Frá og með 1. maí n. k. verði vörugjaldið afnumið og ríkissjóði bættur tekju-missirinn með álagningu 2% jöfnunar- og aðlögunargjalds, sbr. bráðabirgða-ákvæði í lögum um jöfnunargjald, eða með öðrum ráðstöfunum.

Félag íslenskra iðnrekenda hvetur yður, hr. fjármálaráðherra, eindregið til að beita yður fyrir lausn þessa máls á þann hátt, sem hér er lagt til.

Virðingarfyllt,

FÉLAG ÍSLENSKRA IÐNREKENDA
Davíð Sch. Thorsteinsson, formaður.